



Nemar í grunnskólakennaranámi

Spurningakönnun meðal grunnskólakennaranema

á fyrsta ári í B.Ed.-námi skólaárið 2018–2019

Höfundar:

Amalía Björnsdóttir

Þuríður Jóhannsdóttir

Halla Jónsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

© Amalía Björnsdóttir, Þuríður Jóhannsdóttir og Halla Jónsdóttir
Desember 2019

Nemar í grunnskólakennaranámi. Spurningakönnun meðal grunnskólakennaranema á fyrsta ári í
B.Ed.-námi skólaárið 2018–2019
Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

ISBN: 978-9935-9311-8-4

Inngangur

Haustið 2018 hófst rannsókn meðal kennaranema á fyrsta námsári í B.Ed.-námi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Lagðar voru fyrir spurningakannanir, tvisvar haustið 2018 og einu sinni á vormisseri 2019, þar sem grunnskólakennaranemar voru inntir eftir bakgrunni sínum, viðhorfum til námsins, hvort þeir væru í stað- eða fjarnámi, hvort þeir væru í launaðri vinnu og fleira.

Spurningakannanir voru lagðar fyrir nemendur í grunnskólakennarafræðum í staðlotu 1 á tímabilinu 27.–31. ágúst og í staðlotu 2 á tímabilinu 22.–26. október. Kennarar veittu rannsakendum leyfi til að kynna rannsóknina í kennslustund og nemendur fengu í kjölfarið senda netslóð þar sem þeir gátu svarað könnuninni.

Haustið 2018 voru 109 nýnemar skráðir í grunnskólakennaranám í þremur deildum. Í staðlotu 1 um haustið svöruðu 69 spurningalista og á vormisseri voru það 58 nemar.

Við þökkum kennurum grunnskólakennaranema fyrir aðstoðina. Sérstakar þakkir fá þátttakendur sem gáfu sér tíma til að svara þessum spurningalistum.

Rannsóknin er gerð með styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Helstu niðurstöður

Grunnskólakennaranemar í fimm ára kennaranámi skiptast á þrjár deildir. Flestir eru nemarnir í deild faggreinakennslu, síðan í deild kennslu- og menntunarfræði og fæstir í deild heilsueflingar, íþróttta og tómstunda. Stærsti hópur þátttakenda er á námsbrautinni Grunnskólakennsla yngri barna en fæstir nemar eru á námsbrautunum Heilsuefling og heimilisfræði og List og verkgreinar.

Meira en helmingur nema segist vera staðnemar en fyrir þann hóp sem hefur valið fjarnám skiptir það miklu máli að námið sé í boði í fjarnámi.

Af þeim sem svöruðu rannsókninni þegar þeir voru að hefja kennaranám eru 2/3 konur og rúmlega 50% nemanna eru 25 ára eða yngri. Af staðnemunum er 71% nema undir 26 ára aldri en 23% fjarnema.

92% grunnskólakennaranemanna hafa lokið stúdentsprófi. Ef skoðaðir eru einstakir hópar sést að 81% fjarnema og 83% nema 26 ára og eldri hafa lokið stúdentsprófi. Langalgengast er að nemar hafi lokið stúdentsprófi af félagsfræðabraut. Algengt er að nemar hafi reynt fyrir sér í háskólanámi áður en þeir hefja nám í grunnskólakennarafræðum. Þannig höfðu 59% staðnema og 41% fjarnema hafið annað háskólanám og 27% staðnema og 3% fjarnema höfðu lokið að minnsta kosti ársnámi í háskóla.

Þátttakendur höfðu margs konar reynslu af vinnumarkaði. Til að mynda höfðu 11% staðnema og 41% fjarnema unnið sem leiðbeinendur í grunnskóla áður en þeir hófu námið. Um 70% nemanna voru að vinna með náminu en aðeins 8% fjarnema sögðust í fyrstu staðlotu ekki vera í launuðu starfi með námi. Við upphaf námsins sögðust 44% fjarnema ætla að vinna 31 klst. eða meira á viku en enginn staðnema sagðist ætla að vinna þetta mikið. Um haustið, þegar nemar hófu námið, voru 54% fjarnema að vinna sem leiðbeinendur í grunnskóla en aðeins 6% staðnema.

Í staðlotu 2 um haustið voru þeir nemar sem voru í launuðu starfi inntir eftir því hvernig gengi að samræma starfið og námið. Þriðjungur fjarnema og 8% staðnema sögðu það ganga frekar illa, illa eða mjög illa. Um vorið svöruðu 53% fjarnema og 4% staðnema á sama veg.

Miklu líklegra var að staðnemar ættu móður með háskólapróf, eða 53% þeirra en 7% fjarnema. Um 48% fjarnema og 17% staðnema áttu móður með enga frekari formlega menntun en grunnskólapróf eða sambærilegt. Feður 31% staðnema og 17% fjarnema höfðu lokið háskólaprófi en 17% feðra staðnema og 38% feðra fjarnema höfðu eingöngu lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu.

Meira en helmingur staðnema, eða 55%, búa heima hjá foreldrum en 78% fjarnema eru í sambúð eða hjónabandi. Rúmlega fjórðungur fjarnema er barnlaus en 87% staðnema.

Í staðlotu 2 að hausti sagði rúmlega helmingur fjarnema og 9% staðnema að fjölskylduaðstæður hefðu neikvæð áhrif á nám sitt. Tæpur helmingur fjarnema og 19% staðnema sögðu álag vegna launaðrar vinnu hafa neikvæð áhrif á nám sitt. Ríflega 40% fjar- og staðnema sögðu síðan kvíða hafa neikvæð áhrif á nám sitt.

62% sögðu það passa að mestu leyti við sig að vilja verða kennari því það væri mikilvægt að vinna með börnunum og ungmennum, 60% lýstu sömu skoðun þegar þeir brugðust við staðhæfingu um að þeir vildu verða kennarar því þeir vildu að aðrir fengju áhuga á að læra, og svipaður fjöldi sagðist hafa haft kennara sem hefðu haft mikil áhrif á þá. Mikil meirihluti þátttakenda er viss um að ljúka náminu og einnig að kennarastarfið sé fyrir sig.

Í upphafi námsins sögðust 55% staðnema ætla að nota 41 klst. eða meira í námið en aðeins 15% fjarnema sögðust ætla að nota þetta mikinn tíma. Í staðlotu 2 á haustmisseri sögðust 12% staðnema en enginn fjarnemi nota þetta mikinn tíma í námið. Algengast var að staðnemar notuðu 31–35 klst. á viku (28%) en 35% fjarnema sögðust nota 16–20 klst. í námið. Á vormisseri var algengast hjá báðum

hópum að nota 16–20 klst. á viku, en það sögðust 30% staðnema og 26% fjarnema gera. 87% staðnema og 74% fjarnema sögðust hafa lokið 26 einingum eða meira á haustmisseri, eða því sem samsvarar fullu námi.

Um 70% nema bæði á haust- og vormisseri sögðust alltaf eða oftast verja nægum tíma í námið. Um 12% staðnema og 24% fjarnema fannst námið erfitt eða mjög erfitt á haustmisseri og tölurnar eru mjög svipaðar á vormisseri. Um fjórðungur fjarnema og 2% staðnema segja námið erfiðara eða miklu erfiðara en þeir bjuggust við. Fjarnemar finna meira fyrir vinnuálagi í náminu; 58% þeirra segja það mjög mikið, en 16% staðnema eru sama sinnis.

Almennt eru nemar ánægðir með námið og mest er ánægja þeirra með samskipti við samnema en minnst með upplýsingar um námið. Ekki er hægt að greina mikinn mun á stað- og fjarnemum þegar spurt er um ánægju með þætti í náminu. Þó eru ákveðnar vísbendingar um meiri ánægju staðnema með námið. Þannig segja 93% staðnema að reynsla þeirra af náminu hafi í heildina verið góð eða mjög góð en 47% fjarnema svara á sama hátt. 36% fjarnema telja að kennslustundir í staðlotum séu allt of fáar en enginn nemi í staðnámi taldi kennslustundir í staðnámi allt of fáar. Ánægjulegt er að sjá að meirihluti bæði stað- og fjarnema segir að áhugi sinn á kennarastarfinu hafi aukist eftir að þeir hófu nám á Menntavísindasviði.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Helstu niðurstöður	5
Efnisyfirlit.....	7
Skrá yfir myndir	8
Deild, námsleið og námsform	10
Aldur og búseta grunnskólakennaranema	13
Menntun grunnskólakennaranema og mat á undirbúningi fyrir námið.	15
Reynsla grunnskólakennaranema af vinnumarkaði	18
Félagslegur bakgrunnur grunnskólakennaranema	20
Þættir sem hafa áhrif á námsframvindu	23
Viðhorf til kennarastarfsins, ástæður fyrir námsvali og hvatning til náms	28
Vinna með námi	30
Tími sem varið er í námið	35
Mat á náminu	39
Fjöldi eininga sem nemar eru skráðir í og úrsagnir úr námskeiðum.....	44
Mat grunnskólakennaranema á vorkomissari á fyrsta ári	45
Athugasemdir nema	48


Skrá yfir myndir

Mynd 1. Fjöldi grunnskólakennaranema eftir deildum.	10
Mynd 2. Hlutföll þátttakenda sem eru í staðnámi, fjarnámi eða hvoru tveggja.	10
Mynd 3. Mat fjarnema á því hversu mikil áhrif það hafði á val á náminu að það var í boði í fjarnámi.	11
Mynd 4. Ástæður fyrir vali á fjarnámi.	11
Mynd 5. Fjöldi stað- og fjarnema eftir deildum (staðlota 1 að hausti og staðlota 2 að vori)	12
Mynd 6. Námsbrautir grunnskólakennaranema (svör þátttakenda í staðlotu 1 að hausti).	12
Mynd 7. Aldur nema í grunnskólakennaranámi.....	13
Mynd 8. Aldur stað- og fjarnema.	13
Mynd 9. Búseta nema í grunnskólakennaranámi	14
Mynd 10. Búseta grunnskólakennaranema eftir svæðum og fjöldi á hverju svæði eftir námsformi.	14
Mynd 11. Hlutfall nema sem lokið hafa stúdentsprófi.	15
Mynd 12. Skólar þaðan sem þátttakendur brautskráðust með stúdentspróf.	15
Mynd 13. Skólar þaðan sem þátttakendur luku stúdentsprófi, eftir staðsetningu.	16
Mynd 14. Fjöldi grunnskólakennaranema eftir námsbraut í framhaldsskóla.	16
Mynd 15. Fyrra háskólanám grunnskólakennaranema.	17
Mynd 16. Fyrra háskólanám grunnskólakennaranema eftir námsformi.	17
Mynd 17. Hlutfall grunnskólakennaranema sem telja sig ekki þurfa að nota þessar greinar í náminu.	18
Mynd 18. Mat grunnskólakennaranema á undirbúningi sínum fyrir námið.....	18
Mynd 19. Hlutfall grunnskólakennaranema sem hafa unnið sem leiðbeinendur í grunnskóla áður en þeir hófu námið, eftir námsformi.....	19
Mynd 20. Starfsreynsla grunnskólakennaranema eftir námsformi.	19
Mynd 21. Menntun foreldra grunnskólakennaranema.	20
Mynd 22. Menntun mæðra eftir námsformi nema.	20
Mynd 23. Menntun feðra eftir námsformi nema.	21
Mynd 24. Heimilisaðstæður grunnskólakennaranema.	21
Mynd 25. Heimilisaðstæður grunnskólakennaranema eftir námsformi.	22
Mynd 26. Fjöldi barna undir 18 ára aldri í umsjá þátttakenda.	22
Mynd 27. Fjöldi barna eftir námsformi.	23
Mynd 28. Mat grunnskólakennaranema á því hversu mikil áhrif tilteknir þættir væru líklegir til að hafa á námsframvindu.	23
Mynd 29. Hlutfall þátttakenda sem telur ákveðna þætti munu hafa mjög eða frekar mikil áhrif á námsframvindu.	25
Mynd 30. Hlutfall grunnskólakennaranema sem töldu nefnda þætti hafa neikvæð áhrif á nám sitt í staðlotu 2 í október.	26
Mynd 31. Þættir sem hafa frekar mikil, mikil eða mjög mikil áhrif á námið (staðlota 2).	27
Mynd 32. Viðhorf grunnskólakennaranema til kennarastarfsins við upphaf náms.	28
Mynd 33. Ástæður fyrir vali á grunnskólakennarastarfinu.	28
Mynd 34. Hvaðan grunnskólakennaranemar fengu hvatningu til að fara í kennaranám.....	29
Mynd 35. Viðhorf grunnskólakennaranema til kennarastarfsins og námsins.	29
Mynd 36. Vinna grunnskólakennaranema með námi.....	30
Mynd 37. Mat fjarnema í staðlotu 1 að hausti og staðnema á því hversu mikið þeir áætluðu að vinna.	30
Mynd 38. Vinna nema með námi, staðlota 2 í október að hausti.....	31
Mynd 39. Vinna á vormisseri.....	31
Mynd 40. Starf sem þátttakendur ætla að sinna.	32
Mynd 41. Vinna sem þátttakendur ætla að vinna eftir námsformi (haustmisseri, staðlota 1).	32
Mynd 42. Hversu vel eða illa nemum gengur að eigi mati að samræma launað starf og námið.	33

Mynd 43. Hvernig nemum gengur á haustmisseri að samræma launað starf og námið, skoðað eftir námsformi.	33
Mynd 44. Hvernig nemum gengur á vormisseri að samræma launað starf og námið, skoðað eftir námsformi.	34
Mynd 45. Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma vinnu og mætingu í staðlotur (fjarnemar).	34
Mynd 46. Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma vinnu og mætingu í skólann (staðnemar).	35
Mynd 47. Tími sem nemar segjast ætla að verja í námið á viku.	35
Mynd 48. Tími sem nemar segjast ætla að verja í námið á viku eftir námsformi.	36
Mynd 49. Mat nema á tíma sem þeir nota í námið, svör úr staðlotu 2 haustmisseri og vormisseri.	36
Mynd 50. Tími sem nemar nota í námið á haustmisseri eftir námsformi.	37
Mynd 51. Tími sem nemar nota í námið á vormisseri eftir námsformi.	37
Mynd 52. Mat nema á fjölda klukkustunda í dæmigerðri viku sem notaður er í ákveðna þætti. Svör úr staðlotu 2 á haustmisseri.	38
Mynd 53. Mat grunnskólakennaranema á því hvort þeir verji nægum tíma í námið.	38
Mynd 54. Svör grunnskólakennaranema við staðhæfingum um það hvernig gangi að klára verkefni.	39
Mynd 55. Hlutfall grunnskólakennaranema sem segjast hafa kynnst samnemum sínum vel eða illa.	39
Mynd 56. Hlutfall grunnskólakennaranema sem segjast hafa kynnst samnemum sínum vel eða illa, eftir námsformi.	40
Mynd 57. Ánægja nema með ýmsa þætti í náminu á haustmisseri og vormisseri.	40
Mynd 58. Ánægja nema á haustmisseri með ýmsa þætti í náminu, skoðuð eftir námsformi.	41
Mynd 59. Ánægja nema á vormisseri með ýmsa þætti í náminu, skoðuð eftir námsformi.	41
Mynd 60. Mat grunnskólakennaranema á því hversu erfitt eða létt þeim þykir námið á haust- og vormisseri.	42
Mynd 61. Mat grunnskólakennaranema á því hversu erfitt eða létt þeim þykir námið á haustmisseri, eftir námsformi.	42
Mynd 62. Mat grunnskólakennaranema á því hversu erfitt eða létt þeim þykir námið á vormisseri.	43
Mynd 63. Mat grunnskólakennaranema á haustmisseri á því hvort námið sé léttara eða erfiðara en þeir þjuggust við, eftir námsformi.	43
Mynd 64. Fjöldi eininga sem grunnskólakennaranemar taka á misserinu.	44
Mynd 65. Fjöldi eininga sem þátttakendur eru skráðir í, eftir námsformi.	44
Mynd 66. Fjöldi eininga sem nemar luku á haustmisseri, eftir námsformi.	45
Mynd 67. Mat á fjölda kennslustunda í staðnámi og staðlotum.	45
Mynd 68. Mat grunnskólakennaranema á því hversu mikið vinnuálag er í náminu, eftir námsformi.	46
Mynd 69. Mat grunnskólakennaranema á því hvort þeir séu ákveðnari eða óákveðnari í að ljúka kennaranáminu núna en þegar þeir byrjuðu.	46
Mynd 70. Mat grunnskólakennaranema á því hvort áhugi þeirra á kennarastarfi hafi aukist eða minnka á þessu fyrsta námsári.	47
Mynd 71. Mat grunnskólakennaranema á því hvort tengsl á milli kennarastarfsins og námsins séu skýr.	47
Mynd 72. Reynsla grunnskólakennaranema af náminu á fyrsta ári.	48


Deild, námsleið og námsform

Grunnskólakennaranemarnir voru spurðir í staðlotu 1 að hausti og í staðlotu 2 að vori í hvaða deild þeir stunduðu nám.




Mynd 1. Fjöldi grunnskólakennaranema eftir deildum.

Nemar í grunnskólakennarafræðum í fimm ára námi skiptast á þrjár deildir, og eru flestir í deild faggreinakennslu, eins og sjá má á Mynd 1.




Mynd 2. Hlutföll þátttakenda sem eru í staðnámi, fjarnámi eða hvoru tveggja.

Á Mynd 2 sést að 39% grunnskólakennaranema á fyrsta misseri eru í fjarnámi og 6% segjast vera í blöndu af stað- og fjarnámi, þ.e. taka sum námskeið í fjarnámi en önnur í staðnámi. Hlutfallið er aðeins breytt á vormisseri, en þá segjast 63% vera í staðnámi en 32% í fjarnámi.




Mynd 3. Mat fjarnema á því hversu mikil áhrif það hafði á val á náminu að það var í boði í fjarnámi.

Á Mynd 3 má sjá að 81% hópsins sem valdi fjarnám strax í upphafi náms segir að það hafi haft mjög mikil eða frekar mikil áhrif á námsval að námið var í boði í fjarnámi.




Mynd 4. Ástæður fyrir vali á fjarnámi.

Í staðlotu 2 að hausti voru nemarnir spurðir um ástæður fyrir vali á fjarnámi. Þá sögðu flestir að það hentaði þeim betur að vera í fjarnámi og önnur helsta ástæðan væri sú að þeir kæmst ekki í staðnám vegna vinnu. 40% svarenda bjuggu of langt frá Reykjavík til að geta mætt reglulega og 20% nefndu fjölskylduaðstæður sem ástæðu þess að fjarnám varð fyrir valinu.



Mynd 5. Fjöldi stað- og fjarnema eftir deildum (staðlota 1 að hausti og staðlota 2 að vori)


Eins og sjá má á Mynd 5, þá eru hlutfallslega fleiri fjarnemar í KEM- en FAG-deildinni. Hafa skal í huga að breytingar milli haust- og vormisseris þurfa ekki endilega að vera vegna þess að nemar hafi hætt námi; hugsanlega hafa ekki allir svarað.



Mynd 6. Námsbrautir grunnskólakennaranema (svör þátttakenda í staðlotu 1 að hausti).


Á Mynd 6 má sjá á hvaða námsbraut grunnskólakennaranemar eru, en innan sviga kemur fram í hvaða deild viðkomandi námsbraut er. Flestir eru á námsbraut í grunnskólakennslu yngri barna, 22, en 13 nemendur eru á námsbraut í íslensku og erlendum málum og 12 á námsbraut í stærðfræði, náttúrugreinum og upplýsingatækni. Meirihluti nema í grunnskólakennslu yngri barna, heilsueflingu og heimilisfræði og list- og verkgreinum er fjarnemar.

Aldur og búseta grunnskólakennaranema




Mynd 7. Aldur nema í grunnskólakennaranámi.

Á Mynd 7 má sjá aldur grunnskólakennaranemanna sem svöruðu spurningakönnunum þegar þeir voru að hefja nám á Menntavísindasviði. Í ljós kom að rúmlega helmingur nemanna er 25 ára eða yngri en 14% 36 ára eða eldri.




Mynd 8. Aldur stað- og fjarnema.

Á Mynd 8 sést aldur stað- og fjarnema og þar má sjá að fjarnema eru talsvert eldri en staðnema. Þannig eru 45% fjarnema yfir þritugu en 9% staðnema eru á þeim aldri.



Mynd 9. Búseta nema í grunnskólakennaranámi¹

Stærstur hluti nema í grunnskólakennarafræðum býr í Reykjavík eða nágrenni Reykjavíkur, eða 62% þátttakenda í könnuninni, sjá nánar Mynd 9. Enginn grunnskólakennaranemi býr á Austurlandi, en 14% búa á Suðurlandi.




Mynd 10. Búseta grunnskólakennaranema eftir svæðum og fjöldi á hverju svæði eftir námsformi.

Á Mynd 10 sést fjöldi grunnskólakennaranema sem segist búa á ákveðnum landsvæðum. Hafa skal í huga að einhverjir nemar kunna að hafa flust til höfuðborgarsvæðisins til að stunda námið, og þá gæti verið mismunandi hvernig þeir svöruðu, hvort þeir segðust búa þar eða þar sem þeir áttu heima áður en þeir hófu námið.


¹ Til nágrennis Reykjavíkur teljast póstnúmer 170, 200–225, 270 og 271.

Menntun grunnskólakennaranema og mat á undirbúningi fyrir námið.




Mynd 11. Hlutfall nema sem lokið hafa stúdentsprófi.

Á Mynd 11 sést hlutfall nema í grunnskólakennarafræðum á fyrsta misseri sem hafa lokið stúdentsprófi. Um 92% allra hafa lokið stúdentsprófi en 83% þeirra nema sem náð hafa 26 ára aldri. Af staðnemunum hafa 97% lokið stúdentsprófi en 81% fjarnema.




Mynd 12. Skólar þaðan sem þátttakendur brautskráðust með stúdentspróf.

Á Mynd 12 sést frá hvaða skólum nemendur luku stúdentsprófi, en af einstökum skólum stunduðu flestir nám í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.




Mynd 13. Skólar þaðan sem þátttakendur luku stúdentsprófi, eftir staðsetningu.

Skólar sem nema brautskráðust frá voru flokkaðir í tvennt eftir staðsetningu. Á Mynd 13 sést að meirihluti nema í grunnskólakennaranámi hefur útskrifast frá skólum á höfuðborgarsvæðinu, eða 41 af 57 þátttakendum sem luku stúdentsprófi frá íslenskum skólum.




Mynd 14. Fjöldi grunnskólakennaranema eftir námsbraut í framhaldsskóla.

Algengast var að nemendur sem höfðu lokið stúdentsprófi kæmu af félagsfræðibraut, sjá nánar á Mynd 14, og voru þeir tvöfalt fleiri en þeir sem höfðu verið á náttúrufræðibraut.



Mynd 15. Fyrra háskólanám grunnskólakennaranema.


Kannað var hvort þátttakendur hefðu áður stundað nám á háskólastigi, sjá Mynd 15. Meira en helmingur nemanna hafði áður reynt fyrir sér í háskólanámi og 18% lokið meira en ársnámi.



Mynd 16. Fyrra háskólanám grunnskólakennaranema eftir námsformi.


Á Mynd 16 sést að heldur algengara er að staðnema hafi reynt fyrir sér í háskólanámi áður en þeir hófu grunnskólakennaranám en fjarnema. Þannig höfðu 59% staðnema og 41% fjarnema reynt fyrir sér í háskólanámi áður en þeir hófu nám í grunnskólakennarafræðum.

Þátttakendur voru spurðir hversu vel eða illa þeir teldu sig undirbúna í tilteknum greinum fyrir námið í grunnskólakennarafræðum og hvort þeir teldu sig ekki þurfa á tilteknum greinum að halda í grunnskólakennaranáminu.



Mynd 17. Hlutfall grunnskólakennaranema sem telja sig ekki þurfa að nota þessar greinar í náminu.

Á Mynd 17 sést hlutfall grunnskólakennaranema sem telja að þeir þurfi ekki að nota tilgreindar námsgreinar í námi sínu. Þar skera íþróttir og danska sig nokkuð úr, en 28% búast ekki við að þurfa að nota íþróttir í námi sínu og 23% telja sig ekki þurfa að nota dönsku.




Mynd 18. Mat grunnskólakennaranema á undirbúningi sínum fyrir námið.

Á Mynd 18 sést mat grunnskólakennaranema á undirbúningi sínum í ýmsum námsgreinum. Meira en helmingur telur sig vera mjög vel undirbúinn í íslensku og tæpur helmingur er sömu skoðunar um undirbúning sinn í ensku. Það er einungis í dönsku og stærðfræði sem minna en helmingur þátttakenda telur sig ekki vera annaðhvort mjög vel eða frekar vel undirbúinn fyrir grunnskólakennaranámið.


Reynsla grunnskólakennaranema af vinnumarkaði

Nokkrar spurningar beindust að reynslu grunnskólakennaranema af vinnumarkaði.



Mynd 19. Hlutfall grunnskólakennaranema sem hafa unnið sem leiðbeinendur í grunnskóla áður en þeir hófu námið, eftir námsformi.

Um 11% staðnema og 42% fjarnema höfðu unnið sem leiðbeinendur í grunnskóla áður en þeir hófu grunnskólakennaranámið, eins og sést á Mynd 19. Nærri fjórðungur fjarnema hafði unnið í tvö ár eða lengur sem leiðbeinandi í grunnskóla.




Mynd 20. Starfsreynsla grunnskólakennaranema eftir námsformi.

Eins og sjá má á Mynd 20, þá hafa nemarnir ýmsa aðra starfsreynslu tengda vinnu með börnum og ungmennum. Þannig höfðu til að mynda 52% fjarnema unnið sem leiðbeinendur í leikskóla og um þriðjungur staðnema hafði unnið í tómstundastarfi eða á frístundaheimili.

Félagslegur bakgrunnur grunnskólakennaranema


Spurt var um félagslegan bakgrunn grunnskólakennaranema. Næstum allir, eða tæp 99% þátttakenda, segja íslensku vera móðurmál sitt og 92% segja íslensku vera móðurmál beggja foreldra sinna.



Mynd 21. Menntun foreldra grunnskólakennaranema.


Á Mynd 21 sést að 34% grunnskólakennaranema eiga móður með háskólapróf og 25% eiga föður með háskólapróf. Tæpur fjórðungur feðra grunnskólakennaranema er ekki með frekari formlega menntun en sem svarar grunnskólaprófi og sama á við um menntun mæðra 30% þeirra.

Spurt var sérstaklega hvort þátttakendur ættu foreldra sem væru kennarar á einhverju skólastigi og svöruðu um 32% því játandi, eða um 41% staðnema og 24% fjarnema.




Mynd 22. Menntun mæðra eftir námsformi nema.

Á Mynd 22 sést menntun mæðra eftir námsformi. Meira en helmingur staðnema, eða 53%, á móður með háskólamenntun, en það sama á við um 7% fjarnema. Nærri helmingur mæðra fjarnema og 17% mæðra staðnema eru með enga frekari formlega menntun en grunnskólanám.




Mynd 23. Menntun feðra eftir námsformi nema.

Á mynd 23 sést menntun feðra eftir námsformi. 31% staðnema á föður með háskólapróf en 17% fjarnema. Flestir staðnema eiga feður með iðnmenntun, eða 40%, og 33% fjarnema eiga feður með iðnmenntun. 38% fjarnema eiga feður sem ekki eru með lengri skólagöngu að baki en sem svarar grunnskólaprófi, en það á við um 17% staðnemanna.




Mynd 24. Heimilisaðstæður grunnskólakennaranema.

Rúmur helmingur þátttakenda er í sambúð eða hjónabandi og ríflega þriðjungur býr hjá foreldrum sínum, sjá Mynd 24.




Mynd 25. Heimilisaðstæður grunnskólakennaranema eftir námsformi.

Á Mynd 25 sést að rúmlega helmingur staðnema býr hjá foreldrum á meðan næstum 80% fjarnema eru í sambúð eða hjónabandi.



Mynd 26. Fjöldi barna undir 18 ára aldri í umsjá þátttakenda.

Eins og sést á Mynd 26 er minnihluti þátttakenda með börn í sinni umsjá, 63% þátttakenda eru barnlaus en 29% eiga tvö eða fleiri börn.




Mynd 27. Fjöldi barna eftir námsformi.

Á Mynd 27 sést að það er mikill munur á milli staðnema og fjarnema hvað varðar fjölda barna. Þannig eru 73% fjarnema með börn í sinni umsjá á meðan 87% staðnema eru barnlaus.


Þættir sem hafa áhrif á námsframvindu

Þátttakendur voru beðnir að meta hvort þeir teldu að tilteknir þættir væru líklegir til að hafa mikil eða lítill áhrif á námsframvindu þeirra. Talin voru upp nokkur atriði, en þátttakendur gátu einnig bætt við atriðum. Það kusu þeir að gera og nefndu þá vinnuálag, laun grunnskólakennara og almennt álag.




Mynd 28. Mat grunnskólakennaranema á því hversu mikil áhrif tilteknir þættir væru líklegir til að hafa á námsframvindu.

Eins og sést á Mynd 28 telur 41% þátttakenda að kvíði muni hafa mjög mikil eða frekar mikil áhrif á námsframvindu sína, 31% nefna athyglisbrest og 28% svara á sama hátt þegar spurt er um álag vegna fjölskylduaðstæðna.




Mynd 29. Hlutfall þátttakenda sem telur ákveðna þætti munu hafa mjög eða frekar mikil áhrif á námsframvindu.

Það sést á




Mynd 29 að ef frá er talinn kvíði, sem hóparnir telja að muni hafa álíka mikil áhrif á námsframvindu sína, er talsverður munur á fjarnemum og staðnemunum hvað þetta varðar. Þannig telur rúmlega helmingur fjarnema að álag vegna fjölskylduaðstæðna muni hafa frekar mikil eða mjög mikil áhrif á meðan ekki nema 14% staðnema telja svo vera. Fjarnemar eru líka líklegri til að segjast glíma við athyglisbrest, en 37% þeirra telja hann hafa áhrif á nám sitt á móti 24% staðnema.

Þegar komið var fram í október og síðari spurningakönnun misserisins var lögð fyrir var aftur spurt um þætti sem hefðu áhrif á námsframvindu. Hvað spurt var um í þeirri könnun var að hluta til byggt á svörum við spurningum í fyrri könnuninni og þá var bætt við spurningu um álag vegna launaðrar vinnu.



Mynd 30. Hlutfall grunnskólakennaranema sem töldu nefnda þætti hafa neikvæð áhrif á nám sitt í staðlotu 2 í október.

Eins og sést á Mynd 30 er kvíði það sem flestir telja að hafi mikil neikvæð áhrif á nám sitt, eins og þegar spurt var í fyrri könnuninni, en tæpur þriðjungur telur að álag vegna launaðrar vinnu hafi mikil neikvæð áhrif.




Mynd 31. Þættir sem hafa frekar mikil, mikil eða mjög mikil áhrif á námið (staðlota 2).

Eins og sést á Mynd 31 telja 52% fjarnema að skyldur vegna fjölskyldu hafi mikil áhrif á nám þeirra en innan við 10% staðnema telja það eiga við um sig. 49% fjarnema segja álag vegna launavinnu hafa áhrif á námsframvindu sína á meðan það á við um 22% staðnema. Lítil munur er hins vegar á svörum staðnema og fjarnema þegar spurt er um kvíða, en það er sá þáttur sem flestir staðnemar nefna, eða 41%, en 43% fjarnema segja að kvíði hafi neikvæð áhrif á nám þeirra. Þegar spurt er hvort slakur undirbúningur úr framhaldsskóla hafi áhrif er töluverður munur á svörum hópanna, en 20% staðnema telja að það eigi við um sig á meðan 41% fjarnema telur svo vera.


Viðhorf til kennarastarfsins, ástæður fyrir námsvali og hvatning til náms

Þátttakendur voru spurðir nokkurra spurninga um viðhorf til kennarastarfsins, hvatningu til að fara í námið og fleira.



Mynd 32. Viðhorf grunnskólakennaranema til kennarastarfsins við upphaf náms.


Á Mynd 32 sést að við upphaf náms eru þátttakendur jákvæðir gagnvart kennarastarfinu og 71% er mjög sammála því að þeir hlakki til að vinna sem kennarar.



Mynd 33. Ástæður fyrir vali á grunnskólakennarastarfinu.


Á Mynd 33 má sjá að 62% sögðu það passa að mestu leyti við sig að vilja verða kennari því það væri mikilvægt að vinna með börnum og ungmennum, 60% lýstu sömu skoðun þegar þeir brugðust við staðhæfingu um að þeir vildu verða kennarar því að þau vildu að aðrir fengju áhuga á að læra og

svipaður fjöldi sagðist hafa haft kennara sem hefðu haft mikil áhrif á þá. Mikill minnihluti taldi það passa við sig að langa til að verða kennari vegna þess að það væru kennarar í fjölskyldunni.



Mynd 34. Hvaðan grunnskólakennaranemar fengu hvatningu til að fara í kennaranám.

Á Mynd 34 sést hvaðan þátttakendur fengu hvatningu til að fara í kennaranám. Áberandi er að nemar segjast hafa fengið hvatningu frá foreldrum og nánustu fjölskyldu en einnig segjast yfir 60% hafa fengið hvatningu frá kennurum og öðrum sem vinna í skólum.




Mynd 35. Viðhorf grunnskólakennaranema til kennarastarfsins og námsins.

Á Mynd 35 sést að stór hluti grunnskólakennaranema er viss um að þeir muni ljúka náminu og telur einnig að kennarastarfið muni eiga vel við sig. Innan við 30% segja það passa vel við sig að hafa ákveðið ungir að verða kennarar.


Vinna með námi

Í fyrstu staðlotu sögðust 68% þátttakenda ætla að vinna með náminu en aðrir annaðhvort neituðu því eða höfðu ekki ákveðið það. Í staðlotu 2 sögðust tæplega 72% vera að vinna með náminu.




Mynd 36. Vinna grunnskólakennaranema með námi.

Á Mynd 36 sést hversu mikið þátttakendur áætla að vinna með náminu og hversu mikið þeir segjast vera að vinna í staðlotu 2 í október að hausti og staðlotu 2 í mars að vori.




Mynd 37. Mat fjarnema í staðlotu 1 að hausti og staðnema á því hversu mikið þeir áætluðu að vinna.

Mynd 37 sýnir tölurverðan mun á launavinnu staðnema og fjarnema. Rúm 40% staðnema eru ekki í vinnu eða vinna minna en 5 klst. á viku á meðan þetta á við um 8% fjarnema. Næstum helmingur fjarnema ætlar að vinna meira en 25 klst. á viku og fjórðungur segist munu vinna 21–25 klst. Hins vegar segjast 25% staðnema reikna með að vinna 21–25 klst. á viku og enginn meira en 30 klst.



Mynd 38. Vinna nema með námi, staðlota 2 í október að hausti.


Á mynd 37 sést að í reynd er vinna nema með líkum hætti og þeir töldu að hún myndi verða í upphafi námsins. Þó sést að nokkuð fleiri fjarnemar eru ekki að vinna með námi, en rúm 20% þeirra eru ekkert að vinna eða í færri en 5 klst.



Mynd 39. Vinna á vormisseri.


Mynd 39 sýnir vinnu nema á vormisseri. Þeir staðnemar sem eru ekki að vinna með námi eða færri en 5 klst. eru rúm 40%, eins og var í upphafi skólaárs. Fleiri fjarnemar, eða 25%, eru nú ekki í launavinnu með náminu á meðan 8% sögðu svo vera í upphafi skólaárs. Af fjarnemum sögðust 16% hins vegar hafa aukið við sig vinnu og vinnur helmingur 26 klst. eða meira á viku, en það átti við um 60% nema á

haustmisseri. 19% staðnema sögðust hafa aukið við sig vinnu frá haustmisseri og 19% sögðust hafa minnkað við sig vinnu.




Mynd 40. Starf sem þátttakendur ætla að sinna.

Sjá má á Mynd 40 að flestir þeirra sem ætla að vinna með náminu ætla að starfa sem leiðbeinendur í grunnskóla, eða 26% þeirra. Einnig er stór hópur, eða 21%, sem er í starfi sem hann telur að tengist ekki námi sínu.




Mynd 41. Vinna sem þátttakendur ætla að vinna eftir námsformi (haustmisseri, staðlota 1).

Miklu algengara er að fjarnemar vinni sem leiðbeinendur í grunnskóla en staðnemar, eða 54% fjarnema á móti einungis 6% staðnema. Staðnemar eru líklegri til að vera í starfi sem tengist ekki náminu, 19% á móti 15% fjarnema. Nokkur hópur staðnema vinnur í tómsundastarfi eða frístund og í einhvers konar starfi með fötluðum. Þannig segjast 16% þeirra vera í starfi með fötluðum og 9% í tómsundastarfi. Einungis 4% fjarnema vinna með fötluðum og enginn í tómsundastarfi.




Mynd 42. Hversu vel eða illa nemum gengur að eigi mati að samræma launað starf og námið.

Um 20% grunnskólakennaranema sem eru í launuðu starfi segja að það gangi frekar illa, illa eða mjög illa að samræma starfið og námið á haustmisseri, sjá Mynd 42, og hlutfallið er svipað á vormisseri.




Mynd 43. Hvernig nemum gengur á haustmisseri að samræma launað starf og námið, skoðað eftir námsformi.

Á Mynd 43 sést að um þriðjungur fjarnema telur að það gangi frekar illa eða mjög illa að samræma launaða vinnu og nám á meðan mikill meirihluti staðnema telur að það gangi frekar vel, vel eða mjög vel.




Mynd 44. Hvernig nemum gengur á vormisseri að samræma launað starf og námið, skoðað eftir námsformi.

Eins og sést á Mynd 44 telur nú stærri hluti fjarnema að það gangi frekar illa að samræma vinnu og nám, en rúmur helmingur telur svo vera á öðru misseri sínu í náminu. Staðnemum gengur áfram frekar vel að samræma þetta.



Mynd 45. Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma vinnu og mætingu í staðlotur (fjarnemar).


Í síðari staðlotu að hausti voru fjarnemar inntir eftir því hversu erfitt væri að samræma launaða vinnu og það að mæta í staðlotur, sjá Mynd 45. Það var erfitt fyrir 37% fjarnema að samræma þetta tvennt um haustið, en 30% þegar spurt var á vormisseri.



Mynd 46. Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma vinnu og mætingu í skólann (staðnemar).


Staðnemar sem vinna með náminu voru spurðir sambærilegrar spurningar um hvernig gengi að samræma mætingu í skólann og vinnu og má sjá niðurstöður á Mynd 46. Aðeins 14% fannst það frekar erfitt, engum fannst það erfitt eða mjög erfitt um haustið og aðeins 7% sögðu það frekar erfitt um vorið.

Tími sem varið er í námið




Mynd 47. Tími sem nemar segjast ætla að verja í námið á viku.

Á Mynd 47 má sjá hversu miklum tíma þátttakendur ætla að verja í námið á viku, og var spurt um allan tíma sem færi í námið, bæði í skólanum og heima. Um 40% grunnskólakennaranema ætla að nota 30 klst. eða minna á viku í námið.




Mynd 48. Tími sem nemar segjast ætla að verja í námið á viku eftir námsformi.

Af Mynd 48 má ráða að fjarnemar áætla að verja minni tíma í námið en staðnemar.




Mynd 49. Mat nema á tíma sem þeir nota í námið, svör úr staðlotu 2 haustmisseri og vormisseri.

Á Mynd 49 sést hversu mikinn tíma nemendur segjast nota í námið, og eru þetta svör úr staðlotu 2 í október og í staðlotu í mars á vormisseri. Sjá má að 58% grunnskólakennaranema segjast nota minna en 31 klst. á viku í námið og 8% segist nota minna en 11 klst. á viku. Um vorið segjast 46% nema nota 20 klst. eða minna í námið á viku en 27% segjast nota 31 klst. eða meira.




Mynd 50. Tími sem nemar nota í námið á haustmisseri eftir námsformi.

Á mynd 50 sést að tæp 60% fjarnema nota 20 klst. eða minna í námið á viku. 30% þeirra segjast verja meira en 31 klst. í námið. Sambærilegar tölur fyrir staðnema eru rúm 20% sem nota 20 klst. eða minna í námið en rúmlega helmingur þeirra segist verja meira en 30 klst. í það.




Mynd 51. Tími sem nemar nota í námið á vormisseri eftir námsformi.

Á mynd 51 sést að áfram verja 58% fjarnema minna en 21 klst. í námið á meðan það á nú við um 41% staðnema, og hefur það hlutfall hækkað, var 21% á haustmisseri. Þeim staðnema fækkar töluvert sem nota meira en 30 klst. á viku í námið. Á haustmisseri sagðist helmingur staðnema verja það miklum tíma í námið en sú tala er komin niður í 27% á vormisseri.




Mynd 52. Mat nema á fjölda klukkustunda í dæmigerðri viku sem notaður er í ákveðna þætti. Svör úr staðlotu 2 á haustmisseri.

Á Mynd 52 má sjá mat nemanna á því hversu mörgum klukkustundum þeir verja til ákveðinna þátta í náminu á viku. Mestur tími fer í heimanám sem þeir sinna einir, eða að meðaltali um 10 klst. á viku.



Mynd 53. Mat grunnskólakennaranema á því hvort þeir verji nægum tíma í námið

Meirihluti grunnskólakennaranema, eða 71%, telur sig alltaf eða oftast nota nægan tíma í námið á haustmisseri og sambærileg tala er 69% á vormisseri, sjá nánar Mynd 53.




Mynd 54. Svör grunnskólakennaranema við staðhæfingum um það hvernig gangi að klára verkefni.

Á Mynd 54 sést mat grunnskólakennaranema á því hversu tímanlega þeir ljúki verkefnum í náminu. Nokkuð stór hópur segist klára verkefni á síðustu stundu.


Mat á náminu

Þegar nemandi mætti í staðlotu 2 að hausti voru þeir beðnir um mat sitt á náminu og spurðir hversu vel þeir hefðu kynnst öðrum nemum. Hluti spurninganna var síðan lagður fyrir aftur í staðlotu 2 að vori.




Mynd 55. Hlutfall grunnskólakennaranema sem segjast hafa kynnst samnemum sínum vel eða illa.

Á Mynd 55 má sjá að 65% grunnskólakennaranema segjast hafa kynnst samnemum sínum frekar eða mjög vel.




Mynd 56. Hlutfall grunnskólakennaranema sem segjast hafa kynnst samnemum sínum vel eða illa, eftir námsformi.

Af Mynd 56 má ráða að 80% staðnema og 41% fjarnema segjast hafa kynnst samnemum sínum mjög eða frekar vel en 7% staðnema og 17% fjarnema segjast hafa kynnst þeim frekar eða mjög illa.




Mynd 57. Ánægja nema með ýmsa þætti í náminu á haustmisseri og vormisseri.

Af Mynd 57 má ráða að nema eru almennt ánægðir með námið. Mest er ánægjan með samskipti við samnemendur en minnst með upplýsingar um námið. Ánægjan virðist heldur minni á vormisseri en á haustmisseri nema þegar kemur að samskiptum við samnemendur, þá virðist ánægja heldur aukast.




Mynd 58. Ánægja nema á haustmisseri með ýmsa þætti í náminu, skoðuð eftir námsformi.

Ekki er hægt að greina mikinn mun á staðnemum og fjarnemum þegar ánægja þeirra með ýmsa þætti í náminu er skoðuð, sjá nánar Mynd 58.




Mynd 59. Ánægja nema á vormisseri með ýmsa þætti í náminu, skoðuð eftir námsformi.

Ef skoðuð er ánægja með ýmsa þætti í náminu á vormisseri er heldur ekki mikill munur á stað- og fjarnemum, sjá Mynd 59. Einna helst er munur á ánægju með samskipti við kennara, en þar eru 42% staðnema en ekki nema 11% fjarnema mjög ánægð, og 58% staðnema á móti 26% fjarnema eru mjög ánægð með samskipti við samnemendur.




Mynd 60. Mat grunnskólakennaranema á því hversu erfitt eða létt þeim þykir námið á haust- og vormisseri.

Af Mynd 60 má ráða að aðeins 6% nemanna þyki námið mjög létt eða létt og 17% finnist það erfitt eða mjög erfitt að hausti en um vorið finnist aðeins 2% að námið sé létt en 11% að það sé erfitt eða mjög erfitt.




Mynd 61. Mat grunnskólakennaranema á því hversu erfitt eða létt þeim þykir námið á haustmisseri, eftir námsformi.

Á mynd 61 sést að yfir helmingur staðnema telur að námið sé frekar létt eða létt á meðan 46% telja það frekar erfitt, erfitt eða mjög erfitt. Hins vegar finnst 72% fjarnema námið vera frekar erfitt eða erfitt en 27% þeirra telja það vera mjög létt, létt eða frekar létt.



Mynd 62. Mat grunnskólakennaranema á því hversu erfitt eða létt þeim þykir námið á vormisseri.


Á mynd 62 sést að þeim sem telja námið létt eða frekar létt hefur fækkað frá því á haustmisseri. 32% staðnema telja að námið sé létt eða frekar létt á vormisseri en yfir helmingi þeirra fannst það á haustmisseri. Næstum 80% fjarnema fannst námið frekar erfitt, erfitt eða mjög erfitt á vormisseri, samanborið við 72% sem fannst svo vera á haustmisseri, en 21% fjarnema þótti námið ennþá frekar létt.



Mynd 63. Mat grunnskólakennaranema á haustmisseri á því hvort námið sé léttara eða erfiðara en þeir bjuggust við, eftir námsformi.


Ekki var mikil munur á svörum stað- og fjarnema þegar spurt var hvort námið væri léttara eða erfiðara en þeir bjuggust við. Þó eru heldur fleiri fjarnemar sem telja það aðeins erfiðara, erfiðara eða miklu erfiðara, sjá Mynd 63.

Fjöldi eininga sem nemar eru skráðir í og úrsagnir úr námskeiðum




Mynd 64. Fjöldi eininga sem grunnskólakennaranemar taka á misserinu.

Eins og sjá má á Mynd 64 taka flestir nemar 21–30 einingar í náminu, sem samsvarar fullu námi eða tveimur þriðju af fullu námi. Aðeins tveir nemar höfðu sagt sig úr námskeiðum þegar þeir svöruðu könnun í staðlotu 2 í október, en um vorið sögðust fjórir nemar ekki hafa lokið öllum námskeiðum á haustmisseri.



Mynd 65. Fjöldi eininga sem þátttakendur eru skráðir í, eftir námsformi.


Ekki virðist vera mikil munur á fjölda eininga sem nemar í fjar- og staðnámi eru skráðir í, en þó eru fleiri fjarnemar ekki í fullu námi, eins og sjá má á Mynd 65. Á vormisseri eru 22% fjarnema skráð í 11–20 einingar en enginn af staðnemunum er í svo fáum einingum.



Mynd 66. Fjöldi eininga sem nemar luku á haustmisseri, eftir námsformi.


Af Mynd 66 má ráða að langflestir þeirra grunnskólakennaranema sem tóku þátt í rannsókninni hafi lokið sem svarar fullu námi eða nálægt því á fyrsta námsári.

Mat grunnskólakennaranema á vormisseri á fyrsta ári




Mynd 67. Mat á fjölda kennslustunda í staðnámi og staðlotum.

Langflestir staðnemar eru ánægðir með þann fjölda kennslustunda sem boðið er upp á í staðnámi, en 90% segja þær hæfilegar margar. Aftur á móti telja 45% fjarnema að kennslustundir í staðlotum séu allt of fáar eða aðeins of fáar (sjá Mynd 67).




Mynd 68. Mat grunnskólakennaranema á því hversu mikið vinnuálag er í náminu, eftir námsformi.

Á Mynd 68 sést að grunnskólakennaranemum á fyrsta námsári finnst álagið í náminu talsvert. Það á sérstaklega við um fjarnema, en 58% þeirra telja vinnuálagið vera mjög mikið.




Mynd 69. Mat grunnskólakennaranema á því hvort þeir séu ákveðnari eða óákveðnari í að ljúka kennaranáminu núna en þegar þeir byrjuðu.

Á Mynd 69 sést að námið hefur gert grunnskólakennaranemana ákveðnari í að ljúka kennaranáminu. Um þriðjungur fjarnema og 11% staðnema segjast vera miklu ákveðnari þegar þeir svara á vormisseri í að ljúka kennaranámi en þegar þeir byrjuðu í náminu.




Mynd 70. Mat grunnskólakennaranema á því hvort áhugi þeirra á kennarastarfi hafi aukist eða minnka á þessu fyrsta námsári.

Yfir helmingur bæði stað- og fjarnema segir áhuga sinn á kennarastarfinu hafa aukist mikið eða aukist, en þetta má sjá á Mynd 70.



Mynd 71. Mat grunnskólakennaranema á því hvort tengsl á milli kennarastarfsins og námsins séu skýr.

Mikil meirihluti staðnema telur tengslin á milli kennarastarfsins og námsins vera skýr, en innan við helmingur fjarnema telur svo vera, og 42% þeirra svara hvorki né. Sjá nánar Mynd 71.



Mynd 72. Reynsla grunnskólakennaranema af náminu á fyrsta ári.

Á Mynd 72 sést að reynsla grunnskólakennaranemanna af náminu er í flestum tilfellum góð eða mjög góð. Af fjarnemum telja 16% hana slæma og 37% hvorki góða né slæma, en 47% fjarnema telja hana góða eða mjög góða á meðan 93% staðnema svara á sama veg. Það er því talsverður munur á því hvernig fjarnemar og staðnemar meta reynslu sína af grunnskólakennaranáminu á sínu fyrsta skólaári.

Athugasemdir nema

Í lok kannana í október um haustið og í mars á vormisseri gafst þátttakendum kostur á að segja álit sitt í opnum spurningum. Frekar fáir nemar kusu að skrifa athugasemdir, en í haustkönnuninni snertu flestar athugasemdir fyrirkomulag staðlota.

- Já með staðlotur, í einu námskeiði var ég að koma í 2 tíma á dag í 3 daga, bara í einu námskeiði. Finnst frábært ef það er hægt að draga þetta meira saman :)
- Mætti taka meira tillit til fjarnema í staðlotum, að fá þetta á minni tíma. Vera að eyða 2,5 klst. á dag í 5 daga. Þetta er eitthvað sem er hægt að taka á færri dögum.
- Mér finnst MJÖG erfitt fyrir mig að mæta fjórum sinnum í staðlotur á ári. Ég myndi mjög vilja hafa það eingöngu í byrjun annar, koma mér inn í fögin, kaupa bækur, kynnast kennurum og nemendum. Það ætti að nægja því annað er hæg ...
- Staðlotur alltof langar. Setja meira á færri daga. Launamissir mikill.
- Staðloturnar taka of langan tíma. Fáir tímar á dag og þeim dreift á marga daga. Óhentugt fyrir fjölskyldufólk utan af landi.
- Ég er mjög ánægð með námið en í staðlotunum er mjög pirrandi hversu erfitt er að fá bílastæði.
- Vantar bílastæði fyrir nemendur. Sérstaklega þegar það eru staðlotur.

Einn nemi kvartaði yfir aðgengi að upplýsingum um námið og gerð var athugasemd við uppsetningu á Moodle.

- Hvernig Moodle upplýsingar eru uppsettar gerir afskaplega erfitt að vita hvort, hvernig og hvenær þú átt að gera verkefni. Maður þarf stundum að eyða meiri tíma í að finna og skilja verkefnið en að gera það. Mér finnst það betra ef allir ...

Fram kom skoðun um fyrirkomulag vettvangsnáms, óánægja með námið og ein athugasemd varðaði ástæðu þess að velja fjarnám.

- Leiðbeinendur ættu að fá leyfi til að fara í vettvangsnám í skólum sem þeir vinna í, það er erfitt fyrir nemendur okkar að við erum svona mikið í burtu. Líka ekki hafa staðlotu 1 í fyrstu heilu viku sem að grunnskólar eru að byrja því.
- Ég væri í staðnámi og ekki að vinna með ef ég hefði fengið full námslán. Það er erfitt að samræma vinnu og ég er með 3 börn.
- Námið hefur verið gríðarleg vonbrigði. Kennslan almennt léleg, námsefnið tilgangslaust og sé varla að ég nenni þessu í 5 ár.

Athugasemdir sem nemar gerðu í lok könnunar í mars á vormisseri snerust margar um skipulag sem sagt var að þyrfti að vera betra og vinnuálag dreifðara.

- Finnst oft vanta skipulag í áföngum og stundum finnst mér eins og ég sé að læra hvernig ekki eigi að kenna.
- Betra skipulag kennara væri betra. Útskýringar á verkefnum þyrftu að vera skýrari.
- Dreifingin á vinnuálaginu er e.t.v. eitthvað sem mætti skoða (lítið framan af en mikið í kringum þessar 3 samliggjandi vikur í vettvangsnámi og staðlotu).
- Vantar samræmi í verkefnaskilum, ekkert að gera í smá tíma og svo mörg verkefnaskil á svipuðum tíma.
- Mætti dreifa álagi. Það er nánast ekkert að gera í jan/feb en svo er allt brjálað og nemendur mjög stressaðir og undir miklu álagi í t.d mars.
- Mætti dreifa skiladögum á verkefnum, finnst oft leggjast á staðlotur mikil verkefnaskil.
- Ég skráði mig úr 5 eininga áfanga en skráði mig strax í annan 5 eininga áfanga, þannig er ég í 30 einingum yfir allt. Mér finnst námið illa skipulagt og erfitt að vera í vinnu og námi þegar námið er ekki nægilega skipulagt. Samt mjög skemmtilegt.
- Er ánægð í náminu en finnst það mjög gamaldags að enn sé verið með stór lokapróf ásamt símati alla önnina í fögum.
- Stærsta vandamálið hingað til eru óskýrar leiðbendingar á verkefnum og á vefsíðunni. Kennarar þurfa einhverskonar námskeið í notkun moodle.
- Það verður að gera eitthvað í stofumálum, H-207 er hræðileg.

Nokkrir nefndu líka að skipulag staðlota þyrfti að bæta.

- Nýta mætti tímann í staðlotunni betur svo fólk (fjarnemar aðallega) séu ekki að sleppa óþarflega mikið af vinnu á þessum tíma. Suma áfanga mætti einnig skipuleggja mun betur.
- Staðlotur mættu vera betur nýttar, maður tekur sér frí í vinnu, reddar pössun og er frá í 5-6 daga fyrir tíma sem er alveg eins og í hefðbundinni viku. Finnst stundum vanta upp á varðandi fjarnema, maður upplifir sig stundum annars flokks nema þó við greiðum sömu skólagjöldin og aðrir!
- Það þarf að laga staðloturnar.
- Staðlotur mættu vera betur skipulagðar og þéttari dagskrá í stað þess að hafa 5 daga og 1-2 tíma á dag að hafa 2-3 fulla daga, sérstaklega þegar þú ert fjarnemi og ert í vinnu með.

Fjarnemar kvarta yfir að því samskipti við kennara séu ekki nógu góð og að taka þurfi meira tillit til stöðu þeirra fjarnema sem eru að vinna með náminu.

- Það vantar oft uppá samskipti milli kennara og fjarnema.
- Samskipti við kennara í gegnum tölvupósta er ekki alltaf nógu gott. Vissulega í sumum áföngum svara kennarar mjög fljótt en aðrir svara seint og stundum aldrei.
- Hlúa betur að fjarnemum og sinna þeim eins og staðnemum.
- Þarf að skipuleggja nám fjarnema og koma betur til móts við okkur.
- Námið er ekki að koma á móts við fjarnema í þeim skilningi vinna þeirra er ekki metin, við þurfum að gera endalaust af virkniverkefnum þó svo við séum að gera þetta á okkar eigin forsendum!!!!!!! við erum ekki að fá neitt frá kennurum líkt og staðarnemarnir og þurfum samt að gera miklu meiri vinnu en þeir!!!! Þessi skóli er að ýta í burtu einstæðum foreldrum sem þurfa á laununum sínum að halda til að halda heimili.....!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!
- Finnst að það mætti bæta námið þannig það sé betri möguleiki á að vinna með, námslánin eru alls ekki góð og erfitt að finna hvata til þess að vera í fullu námi með heimili og börn. Ef fjarnámið væri ekki óhentugt væri betra að vinna með eins og leikskólakennaranemar. Mætti vera meiri tenging við það hvað kennarar eru að fást við í raun og veru eins og barnaverndarmál.
- Ég vinn með náminu vegna þess að ég þarf þess, er með 6 manna heimili þannig að það er gríðarlegt álag að vinna líka með náminu. Ef ég fengi full námslán myndi ég ekki vinna með náminu!

Að lokum er ein uppörvandi athugasemd: „Kennaranámið er snilld og starfið enn betra!“